

# Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

9. maí 2022

Mættir: Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Inga Lóa Karvelsdóttir, Sunna Rós Svansdóttir, Agnieszka Korpak og Unnur Tedda Þorgrímsdóttir.

Fundur fór fram í Skýjaborg og í gegnum Teams

Fundur settur kl 17:00.

Í upphafi fundar er farið yfir fjárhagsstöðu félagsins. Sótt var um styrki til Íþrótt- og æskulýðssjóðs fyrir fræðsluerindi Eyjólf Arnar Jónssonar sem haldið var 5. maí síðastliðin. Styrktarumsókn var samþykkt, upphæð 50 þúsund. Sótt var einnig um styrk til Menningarsjóðs fyrir vorhátíðum leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar sem verða 25. maí í Skýjaborg og 2. júní í Heiðarskóla, afgangur verður notaður í skemmtanir sem vonast er eftir að halda í haust. Styrktarumsókn var samþykkt, upphæð 250 þúsund.

Vorhátíð Skýjaborgar: Skólinn útvegar pylsur og það sem því fylgir. Foreldrafélagið pantar einn hoppukastala, tónlistaratriði og aðra afþreyingu.

Vorhátíð Heiðarskóla: Skólinn útvegar pylsur og það sem því fylgir, einnig munu starfsmenn sjá um vatnsrennibraut. Foreldrafélagið pantar tvo hoppukastala og tónlistaratriði.

Ósk hefur borist um fræðslu frá starfsmönnum leikskóla, að foreldrafélagið bjóði uppá fyrirlestur um virðingarríkt uppeldi með Huldu Margréti. Lagt er til að þeir sem ætli sér að sitja áfram í stjórn foreldrafélagsins hafi þetta í huga sem fræðsluerindi fyrir næsta skólaár.

Að lokum er rætt hverjir sjá fyrir sér að halda áfram í stjórn á næsta skólaári. Þrír vilja hætta og þrír vilja sitja áfram.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Ásdís Björg Björgvinsdóttir